

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/529*  
*komudagur 4.12.2002*



**VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 4. desember 2002.

**Efni: Tillaga til þingsál. um verðmyndun á sementi (32. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Ef þingsályktunartillaga þessi yrði samþykkt væri verið að veita ríkisfyrirtæki, sem keppir á markaði með einkaðilum, enn eina fyrirgreiðsluna því eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur hin ríkisrekna Sementsverksmiðja nú þegar vísað máli til samkeppnisyfirvalda. Það mál er enn óafgreitt og telur Verslunarráð ekki nein rök hníga til þess að þetta ríkisfyrirtæki eigi önnur úrræði umfram einkaðila til að upplýsa um meint brot á samkeppnislögum. Verslunarráð teldi óheppilegt ef þingsályktunartillagan næði fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is